

Nr. 086 / 15 Straumur NS 16**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6978
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 4,98 brl. 3,97 bt.
Mesta lengd: 8,55 m Skráð lengd: 7,61 m
Breidd: 2,21 m Dýpt: 1,58 m
Vél: Vetus 106 kW 1999
Fjöldi skipverja: 1



Straumur ©Skip.is

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. ágúst 2015 var Straumur SU 14 á strandveiðum á NA miðum. Veður: ANA 8-13 m/s (*Sandvíkurheiði*) og kvika.

Við veiðarnar stöðvaðist vél bátsins og óskaði skipstjóri eftir aðstoð. Börkur frændi NS 335 dró Straum til Vopnafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn varð olíulaus en í honum var 500 l tankur;
- að olímælirinn var bilaður og gert var við hann eftir atvikið.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að báturinn varð olíulaus.